**44. fundur Heklunnar, atvinnuþróunarfélags Suðurnesja haldinn 12. júní 2015 kl. 11:00 í Eldey, Grænásbraut 506, 235 Reykjanesbæ.**

**Mætt:** Róbert Ragnarsson, Magnús Stefánsson, Guðmundur Pétursson, Berglind Kristinsdóttir, Kjartan Eiríksson, Ólafur Þór Ólafsson, Johan D Jónsson, Björk Guðjónsdóttir, Þuríður Aradóttir og Eggert Sólberg Jónsson sem ritaði fundargerð.

Forföll boðaði: Kjartan Már Kjartansson

Dagskrá:

1. Ársreikningur MR 2014 ásamt ársskýrslu.
2. Þátttaka í Reykjanesmapi – VF.
3. Þátttaka í vinnustofu Íslandsstofu í USA og WTM í London.
4. Tillaga að aðgerð vegna markaðssetningu Reykjanes.
5. Kynning frá SAR – á.b. Guðmundur Pétursson.
6. Önnur mál.

**1. Ársreikningur MR 2014 ásamt ársskýrslu**

Ársreikningur MR 2014 lagður fram ásamt ársskýrslu. Stjórn leggur til að ársreikningurinn verði staðfestur á aðalfundi sem fram fer 11. september nk.

**2. Þátttaka í Reykjanesmapi**

Víkurfréttir ehf. óska eftir styrk til útgáfu á Reykjanesmapi 2015/2016. Samþykkt að sjá um dreifingu á kortinu á meðan upplagið endist eða til september 2016.

**3. Þátttaka í vinnustofu Íslandsstofu í USA og WTM í London.**

Erindi frá Íslandsstofu um vinnustofur í USA og World Travel Market í London lagt fram.

**4. Tillaga að aðgerð vegna markaðssetningu Reykjanes.**

ÞHA kynnti tillögu að aðgerðum til markaðssetningar Reykjaness. Samþykkt að leita tilboða hjá markaðsrágjöfum í verkefnaáætlun til uppbyggingar vörumerkis á starfssvæði MR.

**5. Kynning frá SAR – á.b. Guðmundur Pétursson.**

GP kynnti átaksverkefni SAR til að bæta jákvæða ímynd svæðisins. Samþykkt að leggja til vinnuframlag og gögn í verkefnið.

**6. Önnur mál.**

*a) Átaksverkefni til kynningar á sérstöðu svæðisins og Íslands í orkumálum*

Afgreiðslu frestað. Framkvæmdastjóra falið að afla frekari upplýsinga frá Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu.

*Fleira ekki gert og fundi slitið.*